

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 83/2002

frá 25. júní 2002

um breytingu á IV. viðauka (Orka)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) IV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 123/2001 frá 26. október 2001 ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/49/EB frá 26. september 1995 um uppfærslu á skrá yfir fyrirtæki sem falla undir tilskipun 91/296/EBE varðandi gegnumflutning á jarðgasi um flutningskerfi ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/75/EB frá 1. október 1998 um uppfærslu á skrá yfir fyrirtæki sem falla undir tilskipun 90/547/EBE varðandi gegnumflutning á rafmagni um flutningskerfi ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 8. lið (tilskipun ráðsins 90/547/EBE) í IV. viðauka við samninginn:

„- **398 L 0075:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/75/EB frá 1. október 1998 (Stjtið. EB L 276, 13.10.1998, bls. 9).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 322, 6.12.2001, bls. 39 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 60, 6.12.2001, bls. 36.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 233, 30.9.1995, bls. 86.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 276, 13.10.1998, bls. 9.

2. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 9. lið (tilskipun ráðsins 91/296/EBE) í IV. viðauka við samninginn:

„- **395 L 0049:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/49/EB frá 26. september 1995 (Stjtið. EB L 233, 30.9.1995, bls. 86).“

3. gr.

Texti tilskipana 95/49/EB og 98/75/EB, á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 26. júní 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 25. júní 2002.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

P. Westerlund

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

